

Nd.

48. Frumvarp til laga

[5. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. sept.)

1. gr.

Greiða skal 13% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra orkumála, að fengnum tillögum stjórnar Orkusjóðs.

2. gr.

Verðjöfnunargjaldið skal lagt á sama gjaldstofn og söluskattur skv. lögum nr. 10/1960 með áorðnum breytingum, en söluskattur skal ekki greiddur af verðjöfnunargjaldi raforku.

Heimilt er gjaldskyldum seljendum raforku að hækka söluverð raforku sem gjaldinu nemur.

3. gr.

Sala á raforku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur raforku á síðasta stigi viðskipta skv. 1. mgr. 1. gr. og er gjaldskyldur skv. lögum þessum skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumannni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, verðjöfnunargjald það, sem honum ber að standa skil á.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla raforkusölu síðasta mánuð sbr. ákv. 1. mgr. þessarar greinar um sölu.

4. gr.

Verðjöfnunargjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða raforkusölu skal skila fyrir hvern mánuð og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

5. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað verðjöfnunargjaldi á eindaga, falla á dráttarvextir, 1½% fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

6. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs skulu senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ríkisféhirðir skilar innheimtufé mánaðarlega til Orkusjóðs.

Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

7. gr.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðjunnar og Íslenska álfélagsins hf. og til húshitunar.

8. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir ráðherra orkumála.

Málshöfðun fyrir almennum dómstólum um gjaldskyldu og gjaldstofn skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

9. gr.

Ráðherra orkumála er heimilt að setja reglugerð, þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laga þessara, þ. á m. um gjaldstofn, álagningu og innheimtu verðjöfnunargjaldsins.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggvi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotunum skulu rekin að hætti opinberra mála.

11. gr.

Gjald skv. lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita Rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á bráðabirgðalánum ríkissjóðs, sem veitt voru með gjaldfresti á aðflutningsgjöldum árin 1972 og 1973, að fjárhæð allt að 148.3 millj. kr.

Ríkissjóði er heimilt að endurgreiða úr ríkissjóði bráðabirgðalán Seðlabanka Íslands, sem veitt var ríkissjóði í nafni Rafmagnsveitna ríkisins árið 1973, að fjárhæð 130 millj. kr.

Heimildir þessar ná einnig til gjaldfallinna vaxta af lánunum.

13. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að þau lán Orkusjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins, sem breytt var í vaxta- og afborgunarlaus lán skv. heimild í 2. gr. laga nr. 96/1965 skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur Rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

14. gr.

Ráðherra, sem fer með raforkumál, skipar fimm menn til fjögurra ára í senn til að eiga sæti í stjórn Rafmagnsveitna ríkisins og skal einn þeirra skipaður samkvæmt tillögum Sambands Íslenskra rafveitna. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitnari kisans og lög nr. 17/1970 um breytingu á þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974 og falla úr gildi 31. desember 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn, eftir gildistöku laga þessara, fyrir tímabil, sem hefst fyrir gildistöku laganna, en lýkur eftir gildistöku þeirra, skal reikna verðjöfnunargjaldið af raforkuverði í réttu hlutfalli við daga-fjölda eftir gildistöku laganna af heildardagafjölda reikningstímabilsins.